

Íslenskur iðnaður

SI 9. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

September 2006



Glæsileg sýning í Þjóðminjasafni

Í Þjóðminjasafni stendur yfir sýning á íslenskum þjóðbúningum og búningaskarti. Sýningin var opnuð hinn 7. ágúst og stendur til 19. nóvember. Þar getur að líta úrval þjóðbúninga kvenna og búningasilfurs frá lokum 17. aldar og til okkar tíma. Þar má meðal annars sjá skautbúning, faldbúning, peysuföt og upphlut ásamt tilheyrandi silfurskarti af ýmsu tagi. Samtök iðnaðarins styrktu sýninguna sem var gerð í samvinnu við Þjóðbúningaráð í tilefni af Norrænni þjóðbúningaráðstefnu en hún var haldin dagana 7. - 10. ágúst. Til stendur að gefa út rit um sýninguna og þar verður gerð grein fyrir því sem fram fór á ráðstefnunni.

framhald á bls. 5

Stjórn og ráðgjafaráð Samtaka iðnaðarins efna til morgunfundar um

náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda

á Hótel Nordica, 2. hæð sal H, fimmtudaginn 5. október frá 08.15 - 10.00

Frummælendur: Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Andri Snær Magnason, rithöfundur

Illugi Gunnarsson, hagfræðingur

Pállborðsumræður frummælenda

undir stjórn Svanhildar Hólm Valsdóttur

Fundarstjóri, Helgi Magnússon, formaður SI

Félagsmenn SI eru hvattir til að sækja fundinn sem er opinn öllum áhugasömum meðan húsrúm leyfir.

Sjá nánar á bls. 12

bls. 2

Matarverðið og
vextirnir

bls. 4

Ungur Íslendingur
Norðurlanda-
meistari í málaraíðn

bls. 5

Miðar hægt,
þótt hátt fari!

bls. 8

„Við megum síst
spara í
verkmennun“

bls. 10

Misjafnt hafast
skólarnir að

Matarverðið og vextirnir

Ekki eru allir þeirrar skoðunar að háir vextir séu af hinu illa. Fjármagnseigendur og fjármálastofnanir njóta góðs af háum vöxtum á kostnað skuldara. Því má ugglaut halda fram að hátt matvælavæð hér á landi sé af hinu góða fyrir framleiðendur, úrvinnsluaðila og kaupmenn. Með stefnu sinni í Evrópumálum og skattlagningu matvæla eru stjórnvöld í reynd að segja íslensku þjóðinni að henni henti best að búa við háa vexti og hátt matvælavæð.

Stjórnmalamenn og kjósendur ósammála

Ekki leikur nokkur vafi á að vaxandi fylgi við aðild að ESB og upptöku evru í stað íslenskrar krónu er til vitnis um það að almenningur á Íslandi er ekki sammála þessari stefnu. Flestir forystumenn flokkanna finna ESB og evrunni allt til foráttu og hafa haft þann söng uppi um árabíl. Kannanir sýna hins vegar að þeirra eigin kjósendur eru allt annarrar skoðunar. Þannig eru þeir sem afstöðu taka og vilja taka upp viðræður um ESB aðild í meirihluta á öllum flokkum. Sömuleiðis er meirihluti í öllum flokkum nema VG fyrir því að taka upp evru í stað íslensku krónunnar.

Hentar okkur best að hafa dýr matvæli og háa vexti?

Stjórnmalamenn neita að horfast í augu við þá staðreynd að vextir hér eru og verða alltaf hærri en í nágrennalöndum okkar. Við náum aldrei þeim stöðugleika verðlags og gengis sem að er stefnt. Verðbólga er hér sjaldnast innan settra verðbólguþröngumarkna. Við munum til eilífðarnóns semja hér um meiri launahækkunar en nágrennaþjóðir okkar af því að við borgum laun í íslenskum krónum. Erlendir fjármagnseigendur koma vissulega með mikið fé inn í íslenska hagkerfið um þessar mundir en þeir fjárfesta ekki í íslenskum atvinnurekstri. Þeir koma einungis til að hirða vaxtamun þegar vextir hér eru orðnir 3-4 faldir miðað við nágrennalöndin. Þannig hafa spákaupmenn tekið íslensku krónuna í gíslingu. Matvælavæð hér var, síðast þegar það var skoðað, 48% hærri en að meðaltali í ESB. Sú staða hefur versnað ef eitthvað er. Almennur í landinu er ekki sáttur við þetta en stjórnvöld telja að þetta sé okkur fyrir bestu.

Ekkert gerist

Því er haldið fram að aðild að ESB hafi ekkert með matvælavæð að gera. Við getum sjálf breytt sköttum og tollum á matvælum. Þetta er ugglaut fræðilega hægt rétt eins og það er fræðilega hugsanlegt að hér verði einhvern tíma sömu eða lægri vextir heldur en í evru-löndunum. Gallinn er bara sá að þetta gerist ekki.


Hvað gerðu Svíar?

Á fróðlegum fundi, sem SVÞ stóðu fyrir nú nýlega, rakti Tomas Svaton frá Svensk Dagligvaruhandel þróun matvælavæðs í Svíþjóð undanfarnir 15 ár. Neysluvísitalan í Svíþjóð hefur hækkað um 35% en matvælavæð innan við 5%. Getum við eitthvað lært af Svíum í þessum efnunum? Hvernig fóru þeir að?



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Ertu hlynntur eða andvígur því að taka upp evru í stað krónunnar?
Almenningur í ágúst 2006



1. Þeir drógu verulega úr innflutningshömlum og niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum upp úr 1990.
2. Þeir gengu í ESB 1995 og afnámu þar með hindranir í viðskiptum með matvæli innan ESB.
3. Þeir afnámu vörugjöld og settu öll matvæli í eitt VSK þrep sem er 12% en almennt er VSK 25% í Svíþjóð.
4. Þeir hafa fengið inn á sænska markaðinn samkeppni frá stórum matvörukeðjum í Evrópu sem ekki höfðu áður haft áhuga á að starfa á sænskum matvörumarkaði.

Við vitum hvað þarf að gera:

Afnema tolla og hindranir. Lagfæra skattlagningu og afnema vörugjöld og tryggja öfluga samkeppni á markaði. Því miður segir reynslan okkur að flest þau framfaraspor, sem stigin hafa verið hér á landi varðandi frelsi í viðskiptum og skýrar og eðlilegar leikreglur á markaði, hafa komið að utan og oftast en ekki hefur þeim verið þvingað upp á okkur á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga. Stærsta skrefið í þeim efnunum er auðvitað EES-samningurinn. Það er alveg rétt að við getum ýmislegt gert til að lækka matvælavæð á Íslandi en það gerist bara ekkert.

Eðlilegar áhyggjur

Íslenskur framleiðsluiðnaður fékk 10 ára aðlögunartíma þegar tollar voru felldir niður af iðnaðarvöru með samningum um EFTA aðild og fríverslunarsamningum við Efnahagsbandalag Evrópu sem þá var. Það er alveg skiljanlegt að þeir sem starfa í íslenskum landbúnaði og úrvinnsluiðnaði hafi af því áhyggjur þegar lagt er til að minnka eða fella niður þá miklu tollvernd sem nú er hér á landi. Því var líka spáð að finnskur og sænskur úrvinnsluiðnaður myndi að mestu leggjast af með ESB aðildinni. Sú varð ekki raunin en það urðu verulegar breytingar í iðnaðinum. Nú sýna tölur hins vegar að sala hefur aukist í þessum iðnaði og Svíar flytja nú út mun meira af landbúnaðarvörum en þeir áður gerðu.

Í ökkla eða eyra

Eðlilegt og best væri að tollar og aðrar viðskiptahindranir á sviði landbúnaðarvara væru afnumdar í áföngum og með alþjóðlegu samkomulagi á vettvangi WTO. Þess vegna er beinlínis átakanlegt að sjá að við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða sem harðast beita sér gegn tollalækkunum á landbúnaðarafurðir en heimtum síðan fríverslun með fisk og ætlum síðan að gera fríverslunarsamning við Kína sem ekkert vestrænt ríki hefur treyst sér til að gera. Áhugi okkar á fríverslun er vægast sagt ýmist í ökkla eða eyra.

skattefunn
www.skattefunn.no

Morgunverðarfundur

í Húsi atvinnulífsins

10. október kl. 8:30 - 10:00

að Borgartúni 35

Samtök iðnaðarins hafa fengið Ragnhild Rønneberg, framkvæmdastjóra SkatteFUNN í Noregi, til að kynna þetta athyglisverða kerfi og reynsluna af því. Kerfið felur í sér að fyrirtæki í Noregi geta fengið frádrag frá skatti sem nemur allt að 20% af kostnaði við rannsókn- og þróunarverkefni, skv. nánari reglum. Nú er unnið að fimm til sex þúsund rannsókn- og þróunarverkefnum á vegum norskra fyrirtækja sem njóta góðs af þessu kerfi. Takið strax frá tímann svo að þið missið ekki af afar áhugaverðri kynningu. Áhugasamir geta kynnt sér málið fyrir fram á vefsetri verkefnisins www.skattefunn.no.

Davíð Lúðvíksson

Ráðinn forstöðumaður Starfsafls



Sveinn Aðalsteinsson

hefur verið ráðinn forstöðumaður Starfsafls og hóf hann störf um miðjan september.

Sveinn, sem er fæddur 1960, hefur gegnt stöðu prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er fyrrverandi skólameistari Garðyrkjuskólans og átti þátt í að stýra því umbreytingarferli sem þar átti sér stað. Hann hefur verið í forustu um ýmis verkefni í landbúnaðargeiranum, setið í stjórnun og nefndum innanlands og utan. Hann hefur mótað og skipulagt starfsmenntanám og háskólanám á umhverfissviði, m.a. verið formaður starfsgreinaráðs um náttúrunýtingu og skipulagt endurmenntun fyrir skógarbændur (Grænni skógar) auk annars endurmenntunarstarfs, bæði innanlands og á norrænum vettvangi. Hann stundaði jafnframt rannsóknir og kennslu við sænska landbúnaðarháskólann (SLU) um árabíl áður en hann tók við Garðyrkjuskólanum. Sveinn hefur ritað fjölda blaðgreina um málefni garðyrkunnar auk greina um stjórnun.

Sveinn er með doktorspróf í plöntulíf-eðlisfræði frá háskólanum í Lundi, hefur lokið kennsluréttindanámi frá HÍ, kennsluréttindanámi í fullorðinsfræðslu frá SLU og er að leggja lokahönd á meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá Viðskipta- og hagfræðideild HÍ.


Ingi Bogi Bogason

Ungur Íslendingur Norðurlandameistari í málaraíðn



Andri Þór, Helgi G. Jónsson skorarstjóri málningadeildar Iðnskólans og þjálfari hans og Hermann Óli Finnsson formaður Málarameistarafélagsins

Hér má sjá skreytingu Andra sem vakti hrifningu dómaranna en hann var eini keppandinn sem málaði skreytingu sína fríhendis



Andri Þór Arinbjörnsson, sem braut-Askráðist sem sveinn í málaraíðn í fyrravor, varð hlutskarpastur á Norðurlandameistarakeppni í málaraíðn. Keppnin var haldið í tengslum við þing norræna málarameistarara sem fram fór í Kaupmannahöfn í lok ágúst. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur sigrar. Keppnin hefur verið haldin á tveggja ára fresti síðan 1990 og íslenskir málara hafa tekið þátt í henni frá upphafi. Keppendur voru fimm talsins, einn frá hverju landi og keppnin stóð í fimm daga. Andri varð fyrir valinu hér heima af því að hann hafði náð afbragðsárangri í námi sínu við Iðnskólann í Reykjavík en aðrir keppendur höfðu borið sigur úr býtum í forkeppni í heimalöndum sínum.

Andri Þór er nú kominn heim og er að vonum ánægður með úrslitin. „Ég var nokkuð vongóður um að vinna keppnina þegar tíminn sem við fengum til umráða var útrunninn.“ Andri segir að keppendur hafi þurft að leysa fjölbreytt verkefni og ekki hafi öllum tekist að ljúka þeim á tilsettum tíma. Þá má geta þess að Andri er fjórði ættliður í fjölskyldunni sem leggur stund á málaraíðnina.

Andri Þór lætur ekki þar við sitja því að meðfram vinnu sinni sem málari stundar hann nú nám við frumgreina-deild Háskólans í Reykjavík og hefur lokið tveimur öðrum af þremur. Andri segir að iðnnám sé góður undirbúningur að frekara námi og stefnir að því að hefja nám í tækni- og verkfræðideild HR að ári.

Málarameistarar ánægðir með árangur Andra Þórs

Hermann Óli Finnsson, formaður Mál-

arameistarafélagsins, er hæstánægður með þennan árangur Andra. „Þetta sýnir og sannar að við stöndum framarlega í greininni og að Iðnskólinn í Reykjavík sé á réttri braut.“ Hermann Óli segir að námið annars staðar á Norðurlöndum sé hefðbundnara en hér enda standi það á mjög gömlum merg. Þau mál, sem brenna mest á Málarameistarafélaginu um þessar mundir eru óvönduð vinnubrögð enda vinna margir fúskarar í greininni í þessari miklu þenslu að sögn Hermanns Óla. Tveir skólar sinna nú menntun málara, Iðnskólinn í Reykjavík og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Skólarnir tveir brautskrá að jafnaði 18 - 25 málara á ári en það dugar ekki til endurnýjunar.

Samtök iðnaðarins óska Andra Þór til hamingju með árangurinn.

Þóra Kristín Jónsdóttir

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
9. tbl. 12. árg. September 2006
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 18.09.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101 - Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmildum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmildamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Miðar hægt, þótt hátt fari!

Síðustu daga hefur mátt lesa á síðum dagblaðanna fullyrðingar um fúsk og galla í íslenskum byggingaiðnaði. Þar er sagt að um sé að kenna miklum hraða og slægum vinnubrögðum erlendra verkamanna. Víst er að hraðinn er mikill en ef erlendir verkamenn eru farnir að stýra og stjórná í íslenskum byggingariðnaði í stað byggingastjóra og faggiltra iðnmeistara er ekki að undra þótt eitt-hvað fari úrskaiðis.

Hitt er þó líklegra að verið sé að hengja bakara fyrir smið því að stjórnandi verktakafyrirtækis ber ávallt ábyrgð á því að starfsfólki sé tryggð sú þekking, þjálfun, aðföng og innviðir sem þarf til þeirra verka sem því er úthlutað. Það er síðan á ábyrgð iðnmeistarans að gæði verksins séu eins og vera ber þegar um byggingarstarfsemi er að ræða.

Góð stjórnun

Hugtakið gæðastjórnun (góð stjórnun; skipulögð og markviss vinnubrögð til að ná betri árangri og koma í veg fyrir mistök) hefur verið mjög til umræðu í íslenskri verktakastarfsemi í rúman áratug. Upp úr 1990 voru m.a. heilu opnurnar í Morgunblaðinu lagðar undir umfjöllun um gæðastjórnun þar sem lýst var fyrirhugaðri innreið hennar í byggingariðnaðinn. Um var að ræða aðferðafræði sem innleiða átti frá Danmörku til að umbylta byggingariðnaðinum til hins betra. Ráðstefnur voru haldnar um efnið og gefnir út doðrantar með gáfulegum erindum framsögumanna. Á svipuðum tíma var stofnað „Gæðaráð byggingariðnaðarins“ með þátttöku helstu hagsmunaaðila í byggingaiðnaði á þeim tíma.

Margt hefur verið áunnist

Um síðustu aldamót lýstu nokkrir af stóru opinberu verkkaupunum því yfir að þeir ætluðu að innleiða gæðastjórnun í eigin rekstur og að fá hana vottaða. Auk þess sögðust þeir ætla að gera sömu kröfur til verktaka og hönnuða sem yrðu ráðnir til verklegra framkvæmda á þeirra vegum.

Samtök iðnaðarins hafa tekið öflugan þátt í þessari byltingu. Þau hafa lagt mikla vinnu í að aðstoða félagsmenn sína við að koma sér upp gæðakerfum og innleiða gæðastjórnun. Rúmlega 100 fyrirtæki hafa notið aðstoðar SI við gerð gæðahandbókar og innleiðingu gæðastjórnunar. Samtökin hafa haldið ótal námskeið, m.a. í samvinnu við helstu opinbera verkkaupa landsins og komið

Ferdinand Hansen
Gæðastjóri SI



að kennslu í skólum svo að nokkuð sé nefnt.

Drög að nýjum byggingalögum hafa séð dagsins ljós og þar er aukin áhersla lögð á gæðastjórnun verktaka, byggingastjóra og byggingameistara.

Að þessari upptalningu lokinni er líklega óhætt að fullyrða að margir hafi lagt sitt á vogarskálarnar til að bæta stjórnun við mannvirkjagerð.

Spurningar vakna

Spyrja má hvort ásetningur opinberra verkkaupa og fyrirtækja um að gera átak í gæðastjórnun hafi orðið verktökum og verkkaupum til hagsbóta, leitt til aukinnar framleiðni og vörugæða í mannvirkjagerð, fækkað frábrigðum og gallaðri vöru og leitt til aukinnar ánægju verkkaupa sem viðskiptavina á þessum rúmlega 10 árum.

Það er erfitt að mæla árangur af þessu átaki nema fyrir liggi haldgóðar tölfraðilegar upplýsingar um ástandið áður en átakið hófst. Þeir, sem lengi hafa haft fingur á púlsi fyrirtækja og tekið þátt í þessari vinnu, skynja líklega hvort og þá hvað hefur áunnist og hafa bent á það jákvæða:

- mörg fyrirtæki eiga eigin gæðahandbók
- verkkaupar krefja verktaka um gæðatryggingu sem er tiltekinn útdráttur úr gæðahandbók fyrirtækisins
- ýmsir verkkaupar vinna að innleiðingu eigin gæðakerfis
- í ýmsum verkum er árangur það góður að gæði vörunnar, ánægja verkkaupa og afrakstur verktaka eru meiri en ella.

Hins vegar hefur einnig verið bent á:

- mörg fyrirtæki hafa keypt drög að gæðahandbók en ekki umskrifað hana út frá eigin forsendum og leggja þar með fram falska gæðatryggingu þar sem hún lýsir ekki því verklagi sem viðhaft er í daglegum rekstri í tilteknu verki
- algengt er að fulltrúar verkkaupa kynni sér ekki hvað felst í gæðatryggingu verktaka og fylgja því þar

af leiðandi ekki eftir að verktakinn efni eigin loforð

- almennt eru ekki gerðar sömu kröfur til hönnuða og til verktaka um að leggja fram gæðatryggingu
- öryggis- og heilbrigðisáætlun er oftast virt að vettugi bæði af hálfu verktaka, verkkaupa og eftirlitsmanna Vinnueftirlitsins
- stjórnendur og starfsmenn hafa ekki fengið kynningu og þjálfun á því verklagi sem kynnt er í gæðatryggingu þeirra eigin fyrirtækis.

Hver er ávinningurinn

Séu þessar ábendingar marktækar má álykta að árangurinn af þessu mikla starfi sé frekar lítill og yfirborðskenndur.

Ef svo er þá má ætla að ástæðan sé:

- almenn vanþekking á gæðastjórnun eða skriffærni verktaka
- verkkaupar eða fulltrúar þeirra, sem setja fram kröfur um gæðatryggingu en meina ekkert með þeim, eru ekki nægilega upplýstir og þjálfaðir til að fylgja þeim eftir
- verktakar eru ógagaðir stjórnendur og geta ekki stjórnað eftir skilgreindum verklagsreglum og stýrðum ferlum eða skortir þekkingu og þjálfun til að beita nútímalegri stjórnun
- verktaka skortir skilning og getu til fullnægjandi undirbúnings og fyrirhyggju sem koma í veg fyrir eilíft slökkvistarf vegna frábrigða
- verkkaupar eru feimnir við að gera sömu kröfur til hönnuða og verktaka
- verkkaupar og Vinnueftirlit eru ekki samkvæm sjálfum sér í eftirfylgni
- endurmenntun og þjálfun stjórnenda er almennt ábótavant.

Þeir, sem telja að hægt miði í þessum efnum, hafa bent á að fátt annað sé betur til þess fallið að skapa aukna framleiðni en markviss og góð stjórnun. Varanleg framlegð við gerð og rekstur mannvirkja á Íslandi helst í hendur við góða stjórnun. Því má fullyrða að meðan verkkaupar og verktakar draga lappinnar í að fylgja eftir eigin áformum um gæðastjórnun glatast verulegar fjárhæðir á hverjum degi og líftími mannvirkja verður skemmri og viðhaldskostnaður meiri en efni stóðu til.

Það er nokkuð víst að mikið hefur verið lagt í undirbúning gæðastjórnunar en spurning hvort eins vel hafi tekist til við framkvæmd og eftirfylgni. Er þá ekki tímabært að allir leggist á eitt með því að breyta orðum í gjörðir, fylgi eftir eigin kröfum, tryggi að farið sé að lögum og reglum og hætti að leita leiða til að ná sáttum við skussana?

Glæsileg sýning í Þjóðminjasafni

Framhald af forsíðu



Samfelluhnappur
úr silfri



Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður, Sveinn
Hannesson og Þór Magnússon
formaður Þjóðbúningaráðs

Nokkrir starfsmenn Samtaka iðnaðarins með Svein Hannesson, framkvæmdastjóra SI, í broddi fylkingar lögðu nýlega leið sína í Þjóðminjasafnið til að skoða herlegheitin undir leiðsögn Þórs Magnússonar fyrrverandi þjóðminjavarðar og núverandi formanns Þjóðbúningaráðs. Við það tækifæri færði Þór Samtökum iðnaðarins innilegar þakkir fyrir stuðninginn og sagði að án hans hefði ekki orðið af sýningunni.

Gullsmíðar stundaðar frá öndverðu

Þór rakti í stuttu máli sögu íslenskra kvenbúninga en í þá var miklu meira lagt en búninga karla. Þór sagði skartið hafa verið sérstaklega glæsilegt á 18. öld en á 19. öld hannaði Sigurður málari nýjan þjóðbúning sem kom í stað þess gamla, þar á meðal faldbúning og kyrtill. Þór sagði að íslenskir silfursmíðir hefðu smíðað silfurskartið en sýningin endurspeglar vel samhengið í gullsmíði, sundurgerð og skarttísku hvers tíma en íburðarmesta skartið hefði að sjálfsögðu verið í eigu hefðarkvenna. Þór sagði að allt frá miðöldum hefðu gullsmíðir stundað iðn sína en framan af einkum í þágu kirkjunnar, s.s. kaleika og patínur. Þór sagði að við ættum ekki mikið af búningaskarti frá miðöldum en vitað væri að gullsmíðar hefðu verið stundaðar hér á landi alla tíð en einkum á 18. öld. Þá hafi greinin sótt í sig veðrið ekki síst vegna þess að þá tóku íslenskir iðnaðarmenn að sækja sér menntun til Danmerkur.

Gullsmíði skrautfjöður iðnaðarins

Sveinn Hannesson sagðist vera ákaflega ánægður með sýninguna sem væri vottur um mikinn áhuga þeirra sem að henni standa. Gullsmíði væri skrautfjöður íslensks iðnaðar en myndbirting iðnaðarins kæmi gjarnan fram í myndum af iðnaðarmönnum við óhreinlega iðju en sú ímynd eigi ekki lengur við.

Mikill áhugi á sýningunni

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, þakkaði SI einnig fyrir að leggja góðu málefni lið. Hún þakkaði Þór Magnússyni einnig fyrir hans þátt í sýningunni og sagðist hafa talið hann best til þess fallinn að gegna formennsku í Þjóðbúningaráði vegna gríðarlegrar þekkingar sinnar í þessum efnum. Margrét sagði að sýningin hefði vakið mikla athygli og hún hefði fundið fyrir miklum áhuga listamanna á íslenskum menningararf. Þeir sæktu mikið í safnið til að öðlast innblástur sem snýr að atvinnusköpun og þróun á ýmsum hugmyndum. Margrét sagði afar mikilvægt að geta sýnt menningararf okkar með þessum hætti og það væri liður í að þróa samfélagið. Hún væri stolt af því fyrir hönd Þjóðminjasafns að fá að hýsa þessa sýningu.

Konungsersemar

Í þessu samhengi má geta þess að árið 1921 lögðu konungshjónin Kristján tíundi og drottning hans Alexandrine leið sína til Íslands til að vera viðstödd vígslu Elliðaárvirkjunar. Af því tilefni tóku kvenfélagakonur sig saman og létu sauma forláta skautbúning og möttul og gáfu drottningunni. Árni Björnsson, gullsmíður, þá 25 ára, var fenginn til að smíða skartið sem tilheyrði búningnum og það skyldi vera úr 14 karata gulli. Búningurinn er nú varðveittur í Amalienborg að því best er vitað og er eingöngu lánaður milli safna með mjög löngum fyrirvara og sérstökum skilyrðum. Til eru myndir af drottningunni í búningnum og sú mynd var gefin út á póstkorti.

Konan á myndinni heitir Ingibjörg Helga Ágústsdóttir. Klæðist hún faldbúningi sem hún saumaði sjálf og einnig búninginn á gínunni. Hún er fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands í þjóðbúningaráði



Alexandrine drottning í gjöfinni göðu

Þá má geta þess að Baldvin Björnsson, gullsmíður, smíðaði gripi sem gefnir voru fyrrnefndum konungshjónum í tilefni af komu þeirra á Alþingishátíðina 1930 og Erlendur Magnússon, gullsmíður, smíðaði gullsveig sem Íslendingar gáfu á kistu Kristjáns konungs níunda, svo að nokkur dæmi séu nefnd um góða gripi sem fóru til Danmerkur.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Starfsnám og bóknám lagt að jöfnu

Starfsnámsnefnd skilaði menntamála-
Sráðherra lokaskýrslu í byrjun júlí.
Mikið var fjallað um tillögur nefndarinnar
í fjölmiðlum og hlutu þær góðar viðtökur.

Nefndin gerir tillögu um breytingar á
heildarskipulagi framhaldsskólans. Námið
verði ein heild án aðgreiningar í bóknám
og verknám, námið verði jafngilt. Vinnu-
staðanámi verði breytt, stofnað verði
fagháskólastig og breyting gerð á skipan
og fyrirkomulagi samstarfsnefndar og
starfsgreinaráðanna. Lagt er til að sam-
starf framhaldsskóla og háskóla verði
formgert.

Starfsnámsnefnd tekur undir niður-
stöður nefndar um vinnustaðanám sem
skilaði skýrslu sinni til menntamálaráð-
herra fyrr á þessu ári. Vinnustaðanám
verði hluti aðalnámskrár og yfirstjórn
þess verði í höndum starfsgreinaráð-
anna. Stofnaður verði sjóður með þátt-
töku atvinnulífs og stjórnvalda sem
annist greiðslur til að jafna kostnað milli
fyrirtækja sem annast formlega vinnu-
staðakennslu og þeirra sem gera það
ekki.

Starfsnámsnefnd hóf störf um miðjan
janúar sl. og skyldi skv. skipunarbréfi
„...kanna hvernig má stuðla að aukinni
aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag
námsins og tryggja fjölbreytt fram-
boð,..."

Ingi Bogi Bogason
Menntamál



Í nefndinni sátu fulltrúar skóla, kenn-
arasamtaka, samtaka launafólks og full-
trúa Samtaka iðnaðarins. Nefndin hélt
fjölda funda og leitaði álits einstakra
skóla, starfsgreinaráða og annarra hags-
munaaðila við hugmyndum sínum.

Í stuttu máli eru tillögur nefndarinnar
þessar:

- Afnumin verði aðgreining náms í
framhaldsskólum í starfsnám og
bóknám.
- Nýr framhaldsskóli verði ein heild með
fjölmarga mismunandi námsleiðir.
- Skólum verði veitt frelsi til að skipu-
leggja og bjóða nám í samræmi við
lokamarkmið námsins, þarfir nemenda
og kröfur næsta viðtökuskólastigs
og/eða atvinnulífs þannig að nemend-
ur verði sem best búnir undir það
nám er við tekur (viðtökumiðað nám).
Nemendur ljúki náminu á þeim tíma

sem nauðsynlegur er með tilliti til
þessara þátta.

- Nám í nýjum framhaldsskóla til
stúdentsprófs verði viðtökumiðað.
Námið verði kjarni í íslensku, stærð-
fræði og ensku. Kjarni og nám um-
fram kjarna samkvæmt námskrá, sem
samþykkt er af menntamálaráðu-
neytinu, verði metið jafnt til stúdents-
prófs.
- Stúdentspróf getur verið áfangi á leið
nemanda til skilgreindra námsloka á
tiltekinni námsleið.
- Nám umfram kjarna verði skipulagt
með formgerðu samstarfi framhalds-
skóla og háskóla.
- Almennum hluta aðalnámskrár og
reglugerðum um skólastarf verði
steypt saman í eina reglugerð um
framkvæmd og skipulag skólastarfs í
framhaldsskólum.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflid í
framhaldsskólum.
- Stofnaður verði sjóður með þátttöku
atvinnulífs og stjórnvalda er annist
greiðslur til að jafna kostnað milli
þeirra fyrirtækja sem annast formlega
vinnustaðakennslu og hinna sem það
gera ekki.

Námsefnisstyrkur Samtaka iðnaðarins



Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur RB, Egill
Þór Magnússon framhaldsskólakennari, Erling
Erlingsson, framkvæmdastjóri IÐNÚ og Helgi
Magnússon, formaður SI

Samtök iðnaðarins hafa ákveðið að
verja árlega allt að 10 m.kr. næstu fimm
ár til námsefnisgerðar í iðnaði.

Í september var námsefnisstyrkur
Samtaka iðnaðarins að fjárhæð 4,7 m.
kr. veittur þrem verkefnum. IÐNÚ -
bókaútgáfa hlaut 4,0 milljóna króna
styrk til að þýða og gefa út á grundvall-
arriti í málmiðngreinum sem á þýsku
heitir Fachkunde Metall. Rannsóknastofn-

un byggingariðnaðarins hlaut 500.000
króna styrk til útgáfu á ritinu Rakavarn-
arlög í húsbýggingum og Egill Þór
Magnússon, framhaldsskólakennari hlaut
200.000 kr. styrk til útgáfu á námsefni í
verklefum loftstýringum.

Í máli Helga Magnússonar, formanns
SI, kom fram að Samtökin hafa ákveðið
að verja allt að 50 m. kr. næstu fimm ár
til námsefnisgerðar í þeim greinum sem

varða iðnaðinn. Margt hefði áunnist í
menntamálum iðn- og starfsgreina, m.a.
hefðu nýjar námskrár verið unnar. Helgi
sagði að lengi hefði hins vegar skort
viðeigandi námsgögn. Með þessu fram-
lagi vildu Samtök iðnaðarins auðvelda
þessa útgáfu og um leið hvetja aðra,
m.a. yfirvöld menntamála, til að leggja
málefnið lið.

Námsefnisstyrkur SI

Umsóknarfrestur 30. nóvember

Auglýst er eftir umsóknum í seinni úthlutun 2006 námsefnisstyrks SI. Umsóknir þurfa að hafa borist Samtökum iðnaðarins, Borgartúni 35, fyrir 30. nóvember.

Fyrir á árinu auglýstu Samtök iðnaðarins eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Fyrstu styrkjum, alls að fjárhæð 4,7 m.kr., var úthlutað í september til þriggja verkefna.

Skilyrði fyrir styrkveitingu

- Fyrir liggja skuldbinding um heildarframvindu verkefnis.
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni.
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá, sem málið varðar, s.s. skóla, félög og fyrirtæki.
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu.
- Þeir sem vinna verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.
- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum.
- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram.

Í umsókn komi eftirtalið fram:

- Lýsing (hámark 100 orð) á verkefni sem styrkja skal.
- Tilgangur og þörf.
- Markhópur.
- Ábyrgðarmaður verkefnis.

Verk- og fjárhagsáætlun

- Þátttakendur í verkefninu. Hlutur hvers, fjárhagslegur og verkefnalegur, tiltekinn.
- Framvindu lýst.
- Fjármögnun.
- Útgefandi.

Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason.



Námsefnisstyrkir

Styrkir í boði til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

Umsóknarfrestur: 30. nóvember 2006

Nánari upplýsingar á www.si.is



XPLOR á Íslandi 2006

Með alla miðla á einni hendi

Samtök iðnaðarins minna á haust-ráðstefnu og fræðsluþing XPLOR á Íslandi 6. október næstkomandi og Photoshop CS2 námskeið með Ben Willmore sem haldið er í tengslum við hana 5. og 6. október. Haustráðstefnan kallast Með alla miðla á einni hendi og þar er fjallað um framtíð Adobe notendaforrita og annars hugbúnaðar til mynd- og textavinnslu. Ráðstefnan fer fram í Laugardalshöll.

Sjá nánari upplýsingar á www.xplor.is



Veldu

hollustu og dekur

í dagsins önn



meistarinn IS

www.meistarinn.is

ÚH-17 hefst í október

Fræðsluverkefnið Útflutningsaukning og hagvöxtur, ÚH, verður haldið í sautjanda sinn í haust. Það er ætlað fyrirtækjum sem hafa áhuga á að hefja útflutning, auka útflutning eða treysta tök sín á markaðssetningu erlendis.

Að vanda verða átta til tíu fyrirtæki valin til þátttöku. ÚH-verkefnið tekur níu mánuði og hin eiginlega vinna hefst í október nk. og stendur til máiloka árið 2007. Að jafnaði eru tveir vinnudagar í mánuði.

Alls hafa um 150 fyrirtæki tekið þátt

í verkefninu frá upphafi og spanna þau allt litróf íslensks atvinnulífs. Síðasta vetur tóku ellefu fyrirtæki þátt í verkefninu.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér ÚH-verkefnið eru hvattir til að hafa samband sem fyrst við Hermann Ottósson, hermann@utflutningsrad.is, sími 511 4000. Hann mun þá heimsækja viðkomandi fyrirtæki og kynna verkefnið. Að ÚH standa Útflutningsráð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsbanki, Bakkavör, Byggðastofnun og Samtök iðnaðarins.

Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði

„Við megum síst spara í verk

Mikill kraftur er í starfsemi Iðnskólans í Hafnarfirði eins og m.a. kemur fram í mikilli að sókn í skólann. Umsækjendur eru nú mun fleiri en unnt er veita skólavist. Jóhannes Einarsson, skólameistari, segir að vísa þurfi frá um 200 manns á hverju ári. Nemendur eru á öllum aldri eða allt frá 16 ára til 58 ára. Þar eru dæmi um að þrjár kynslóðir úr sömu fjölskyldu sitji í sama áfanga. Árið 1994 voru innan við 300 nemendur við skólann og þá fengu allir skólavist sem sóttu um en undanfarin ár hafa nemendur verið á bilinu 550-580 og ekki hægt að taka við öllum sem þess óska. Umsækjendur um skólavist á komandi skólaári eru 712, jafnmargir af hvoru kyni, en námsvalið er nokkuð kynbundið að sögn Jóhannesar. Svo er spurningin hve margir detta út því að ekki er pláss fyrir fleiri en 600.

Skólinn rekinn eins og fyrirtæki

Jóhannes segist hafa breytt öllum námskrám í verknámi, fagbóklegu og teikningu í þriggja eininga áfanga og sett upp öðruvísi stundatöflu en ráðuneytið mælti fyrir um því að þannig sé auðveldara að búa til heillegar stundatöflur sem bæði kennarar og nemendur njóti góðs af. Í skólanum er því kennt alla virka daga frá klukkan 8 -17 og skólahúsnæðið nýtist að fullu og miklu fleiri nemendur komast fyrir í húsinu en ella væri. „Ég rek skólann eins og fyrirtæki en ráðuneytið hefur ekki amast við þessu tiltæki mínu.“

Hönnunardeildin kom skólanum á kortið

„Skömmu áður en ég varð skólameistari árið 1994 hafði fyrirrennari minn, Steinn Steinsson, komið á fót hönnunarbrot sem hlaut mikla aðsókn. Á þeim árum var iðnnám í mikilli lægð en nemendur í hönnunardeildinni stóðu sig svo vel að

farið var að halda sýningar á verkum þeirra á hverju vori,“ segir Jóhannes. Sú braut er nú kölluð listnámsbraut, hönnun og handverk. Þetta varð svo gott til afspurnar að viðhorf til skólans breyttist og jók áhuga nemenda á iðnnámi. Þetta hafði góð áhrif á margar iðngreinar og þar hefur nemendum fjölgað mikið - ekki síst í mannvirkjagreinum en með tilkomu nýrrar námskrár í bygginga- og mannvirkjagreinum hefur fjölgað mikið í húsa-smíði og pípulögnum. Mikill skortur hefur verið á pípurum og IH er í raun eini skólinn sem þjónar nemum í þeirri grein frá upphafi til enda að sögn Jóhannesar.

„Listnámsbrautin er einnig mjög öflug deild og nemendur þaðan hafa verið verðlaunaðir. Þá má nefna útstillingardeild. Það er ekki nóg að framleiða góða vöru ef enginn veit af henni. Þannig höfum við menntað fólk til að markaðssetja vöru og koma henni á framfæri,“ segir Jóhannes.

Rík áhersla lögð á þrjár grunngreinar

Eldri nemendur sækja mikið til Iðnskólans í Hafnarfirði. Allt að 30% nemenda eru með stúdentsmenntun, eða komnir mjög langt með að ljúka stúdentsprófi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái góðum tókum á þremur greinum, íslensku stærðfræði og ensku. „Þótt hér séu kenndar tæknigreinar þurfa menn að kunna góð skil á þessu til að geta lesið verklýsingar á ensku og aðrar greinar krefjast stærðfræðikunnáttu og ekki má gleyma móðurmálinu. Þeir sem þurfa fá fleiri tíma í þessum greinum til að ná tókum á þessum undirstöðugreinum. Það er ekki hægt að búa til góðan iðnaðarmann nema hann nái góðum tókum á þeim.“

Stuðningur við nemendur

Við Iðnskólann í Hafnarfirði er rekin al-

menn braut fyrir þá sem minna mega sín. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda heldur áfram námi eftir grunnskólapróf og þar með hefur fjölgað þeim sem þurfa á aukinni þjónustu að halda, t.d. með námsráðgjöf og sérkennslu. „Ýmsir nemendur glíma við erfiðleika eins og lesblindu en okkur hefur tekist að koma fólk, sem búið var að afskrifa, í gegnum skólann og margir hafa náð sér á strik,“ segir Jóhannes. Skólinn hefur á að skípa fólk sem er menntað í að greina lesblindu og hjálpa þeim sem eiga undir högg að sækja. „Skólakerfið gerir nánast ekki ráð fyrir nemendum sem eiga í erfiðleikum. Það kostar auðvitað sitt að hjálpa þeim en ég sé ekki eftir peningum sem varið er til að koma þeim til bjargar.“

Fyrsti skólinn sem byggður er og rekinn sem einkaframkvæmd

Iðnskólinn í Hafnarfirði er sá fyrsti sinnar tegundar sem er byggður og rekinn sem einkaframkvæmd. Jóhannes segir að með þeirri framkvæmd hafi verið rudd ný braut hér á landi og reksturinn sé afar hagkvæmur og vegna þess og góðrar nýtingar hafi hann haft afgang á fjárlögum undanfarin ár og fyrir það fé hafi verið keypt ný tæki. „Frá árinu 1983 höfum við alltaf fylgst með nýjustu tækni en þá fengum við fyrstu tölvustýrðu vélina inn í skólann og byrjuðum að kenna CNC-tækni og í framhaldi tölvuteikningu. Í þá daga höfðu iðnaðarmenn ekki mikinn áhuga á þessari nýju tækni en þá byrjaði ég að kenna tölvuteikningu. Fyrstu námskeiðin sóttu tækniteiknarar hjá mér og í kjölfarið komu arkitektar, verkfræðingar og tæknifræðingar á námskeið hér í skólanum og ég kenndi þeim í allmörg ár svo og kennurum í öðrum skólum, m.a. Tækniskólanum. Hér voru teikniborð aflögð fyrir tveimur árum og iðnaðarmönnum er nú kennd öll fagteikning á tölvur.“

Eitthvað nýtt á hverju ári

Jóhannes segist verða að vera metnaðarfullur fyrir hönd skóla síns. „Ef ég kem ekki einhverju nýju til leiðar á hverju ári þá hætti ég.“ Í fyrra fjárfesti IH t.d. í tölvustýrðri beygjuvél sem er hin eina sinnar tegundar í skóla á landinu og í vor fékk skólinn fjóra nýja tölvustýrða rennibekki. Að sögn Jóhannesar hafa gestir, sem komið hafa í skólann, sagt að skól-



Jóhannes undir stýri á gömlum Ford með útskriftarnema



menntun“

inn sé betur búinn en margir skólar af þessu tagi í nágrannalöndunum. „Vandinn er þó sá að skólann skortir meira húsrými en við höfum yfir að ráða. Rennibekkjum skólans eru ætlaðir 20 fermetrar en við verður að láta 9 fermetra duga.“

Eina tölvuverið í málmiðnaði

Í Iðnskólanum í Hafnarfirði er ein best búna kennslustofan á landinu fyrir kennslu í málmiðnaði. Þegar að því kom að kaupa ný tæki í nýja skólann var forráðamönnum úr málmiðnaðarfyrirtækjum boðið í heimsókn. Í samráði við þá voru pöntuð kennslutæki í eina kennslustofu með tölvustýrðum vélum og útstöðvar fyrir 12 nemendur en stofan er eina tölvuverið í þeirri tækni hér á landi. Jóhannes segir að síðan hafi mál þróast þannig að skólinn haldi námskeið í samstarfi við Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins í þessari tækni og „málmiðnaðurinn er í lægð“, segir Jóhannes, „þrátt fyrir gífurleg tækifæri í greininni. Síðan hætt var við að Borgarholtsskóli yrði kjarnaskóli í málmiðnum hefur verið ágætt samstarf í greininni milli okkar, Borgarholtsskóla, Verkmenntaskólans á Akureyri og Fjölbautaskóla Vesturlands.“

Mikil tækifæri í málmiðnaði

Jóhannes hefur mikinn áhuga á að byggja við skólann en sú fyrirætlun hefur því miður verið lögð á hilluna í bili, vegna fyrirmæla stjórnvalda um að dregið verði úr fjárfestingum hins opinbera. Hann segir að málmiðnaðardeildin sé eina deildin þar sem fjölga mætti nemendum. Aðsóknin hafi þó aukist en ekki nógu mikið. Hugmyndin sé að gera stóráttak til að kynna ungu fólki framtíðarmöguleika í málmiðnaði. Jóhannes segir að fólk hafi miklar ranghugmyndir um störf í málmiðnaði því að þau hafi gerbreyst. Vinnan í þeirri grein sé alls ekki eins óhreinleg og fólk haldi. „Ráðamenn tala sífellt um að efla verkmenntun en þegar á hólminn kemur verður lítið um framkvæmdir - aðeins orðin tóm. Ég hef sýnt að það er hægt að reka svona skóla með góðum árangri en þótt húsnaðið sé vel nýtt setur það skólanum þröngar skorður.“

Verkfræðinemar í verklegu námi

Síðastliðinn vetur var gerður samningur við Háskóla Íslands um að kenna verk-



fræðinemum verklegan þátt. „Þeir voru hér á annað hundrað frá miðjum janúar fram í lok mars og lærðu svokallaða CNC-tækni og rennismíði og plötusmíði, nýttu m.a. tölvustýrðu beygjuvélinu. Nú veitum við Háskólanum í Reykjavík sömu þjónustu í vetur. Við erum að byggja upp hátækniíðnað sem kemur fyrirtækjum eins og Össuri, Marel, Héðni og mörgum fleirum að góðu haldi. Verkfræðinemar þurfa því að kynnast því að vinna með slík tæki og efni eins og stálið og það var mjög gaman að hafa þá hér. Verkfræðinemar hafa stundum litið á verklega þáttinn í námi sínu sem afplánun en nú bregður svo við að sumir þeirra vildu fá meiri tíma hér og ekki síst stúlkurnar.“

Megum síst spara í verkmenntun

Jóhannes segir að við megum síst spara í verkmenntun ef við ætlum ekki að flytja inn útlendinga til að vinna þau störf. Því sé mjög brýnt að byggja við skólann til að sú jákvæða þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár stöðvist ekki. Hann segir mikla hættu á að skólar, sem byggðir hafi verið sem verknámskólar, breytist í bóknámsskóla enda séu þeir ódýrari í rekstri og bætir við að þeir sem stýri verknámsskólum séu yfirleitt ekki menntaðir í verknámi og telur ástæðuna þá að þeir sem menntast í verkmenntagreinum séu ekki nógu duglegir að koma sér í stjórnunarstöður.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Nýir félagsmenn

Berglín ehf.
Búðanesi 1
340 Stykkishólmi
Jarðvinnuverktaki

Icefox á Íslandi ehf.
Höfn - Svalbarðsströnd
601 Akureyri
Jarðvinnuverktaki

GV Gröfur ehf.
Óseyri 2
603 Akureyri
Jarðvinnuverktaki

Microsoft á Íslandi ehf.
Engjateigi 7
105 Reykjavík
Markaðs- og söluskrifstofa
hugbúnaðar

Misjafnt hafast skólarnir að

- málmdeildir lagðar af hjá einum en eflar hjá öðrum

Iðnskólinn í Reykjavík hefur starfað yfir eitt hundrað ár og getið sér gott orð enda verið ein meginstoð iðnróunar á Íslandi. Þaðan hafa útskrifast margir af virtustu iðnaðarmönnum landsins sem hafa átt ríkan þátt í að lyfta þjóðinni úr örbirgð til velmegunar.

Ein þeirra iðngreina, sem hafa verið kenndar fram til þessa við skólann, er málmíðnaður en hann hefur löngum verið talinn einn máttarstólpa íslenskrar tækniþróunar. Engum blöðum er heldur um það að fletta að málmíðnaður er undirstöðugrein ef takast á að nýta öll þau tækifæri sem við blasa í tækniþjóðfélagi framtíðarinnar. Það er því með endemum að skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík skuli hafa ákveðið að leggja niður kennslu í málmgreinum fyrir flutt og allt. Með því lýsir þessi virðulega stofnun yfir að hún taki ekki þátt í að

minni áhuga á málm-tækni. Þar af leiðandi hafi öðrum sviðum verið veittur forgangur og daufheyrst við ábendingum um nauðsyn þess að efla málmdeildina og gera hana að áhugaverðum valkosti fyrir ungt fólk. Alltént höfðu allir kennarar deildarinnar miklar áhyggjur af þróuninni þegar þeir gátu þess í sameiginlegri yfirlýsingu árið 2002 að þeim virtist allt benda til þess að mótuð hefði verið sú stefna að láta deildina deyja út með því að endurnýja hana ekki eða vinna að eðlilegum endurbótum eins og nauðsynlegt er þegar tæknigrein á í hlut. Þeir beindu því til skólanefndar að skólinn ætti þess í stað „að nýta sér stöðu sína og virðingu og taka upp ábyrga og kraftmikla stefnu varðandi málmíðnað og standa í fararbroddi þeirra sem vilja veggreinarinnar sem mestan.“ Jafnframt bentu þeir á að deildin hefði ekki haft nægjanlegt fé til að endurnýja tæki og búnað og húsnæðið þarfnáðist viðhalds eftir margra ára vanrækslu. Því væri augljóst hvert stefndi.

Til eru tvær aðferðir til að leggja niður starf af þessu tagi. Önnur er sú að ráðuneyti menntamála grípi fram í fyrir skólanefnd og skipi henni að leggja niður rekstur tiltekinna deilda, eins og gerðist með málmdeildina í Fjölbautaskólanum í Breiðholti illu heilli. Hin er að viðkomandi skólanefnd geri það sjálf eins og gerðist í umræddu tilviki í IR. Skólanefndir hafa á sama hátt tvo möguleika til að fylgja eftir ákvörðun sinni; gera það fljótt og snögg og bera sjálfar ábyrgð á því en hin að setja deildina hjá í fjárveitingum og nauðsynlegri aðlögun að nýjum kröfum. Skilgreina síðan dvínandi aðsókn sem orsök lokunar sem er ekkert annað en afleiðing sinnuleysis hennar sjálfar, skella sér síðan á lær og segjast ekkert skilja í því að nemendur skuli ekki streyma til náms í málmíðnaðinum. Þá er hægt að fara að gefa út dánarvottorðið enda þótt verið sé að votta óþarft og ótímabært andlát.

Því verður ekki annað sagt en að ákvörðun skólanefndar Iðnskólans í Reykjavík, að fella niður málmíðndeildina, hafi verið dapurleg afmælisgjöf elsta iðnskóla landsins til elstu iðngreinarinnar.

Góðar fréttir úr öðrum skólum

Á sama tíma og þetta gerist berast góð tíðindi frá öðrum iðn- og fjölbautaskólum sem bjóða nám í málmgreinum. Iðnskólinn í Hafnarfirði heldur áfram að



Ingólfur Sverrisson
Málmur

kaupa nýjar og vandaðar vélar og kennslutæki til málmdeildarinnar og leggur metnað sinn í að kennarar í faginu fylgist með því sem nýjast er að gerast. Viðbrögðin láta ekki heldur á sér standa því að auk fjölda nema í málmgreinunum sækja verkfræðinemar þangað verklega kennslu og líkar mjög vel eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu.

Ágæt aðsókn er að málmdeild Verkmenntaskólans á Akureyri og mikill hugur í mönnum þar að efla hana enn frekar. Í málmgreinadeild Borgarholtsskóla í Reykjavík er einnig góð aðsókn og komast ekki fleiri að í grunndeildina. Nú í haust er verið að koma á fót aðstöðu til að kenna 5. og 6. önn í blikksmiðafaginu sem þýðir fjárfestingu hátt í tuttugu milljónir króna í vélum, tækjum og verkfærum. Þar með hefur verið komið á fót fyrstu kennsluáðstöðinni fyrir smíðagreinar til lokaprófs innan málmíðnaðarins. Þá stefnir Borgarholtsskóli að því að bjóða eftir áramótin kennslu í málmstöðu í samræmi við alþjóðakröfur.

Metnaður og stefnuvesta

Af þessu sést að þeir skólar, sem hafa metnað og áráði fyrir þessa mikilvægu tæknigrein, geta ýmislegt gert ef viljinn er fyrir hendi. Þess vegna er full ástæða til að hrósa þeim skólum sem standa sig vel að þessu leyti og vinna með þeim að því að hvetja ungt og efnilegt fólk til að stunda nám í málmíðngreinum.

Ljóst er að eftirspurn eftir góðum fagmönnum á því sviði mun aukast enn frekar á næstu árum. Ef ekki tekst að mennta fólk til þeirra starfa gerist annað tveggja að við verðum að flytja inn hæfa iðnaðarmenn eða verkefnin verða flutt til útlanda. Engin ástæða er til að sætta sig við slíka og því líka þróun og því er þjóðarnauðsyn að þeir skólar, sem hafa gegnt því hlutverki að mennta iðnaðarmenn, móti sér markvissa og uppbyggilega stefnu og fylgi henni síðan fast eftir í góðu samstarfi við atvinnulífið.



sinna þeirri miklu þörf sem sannarlega er fyrir menntaða rennismiði, vélvirkja, stálsmiði, blikksmiði og rafsuðumenn. Þetta þykir mörgum í málmíðnaðinum kaldar kveðjur frá elsta og virðulegasta iðnmenntaskóla landsins.

Langtímamarkmiði náð?

Því er borið við að ekki hafi verið nægileg aðsókn að málmdeildinni og ekki verjandi að halda áfram að bjóða kennslu á þessu sviði af þeim sökum. Þá vaknar eðlilega spurningin: Hvers vegna hefur aðsókn farið dvínandi í málmdeild skólans? Getur verið að ekki hafi verið lögð nægjanleg rækt við hana. Deildin hafi orðið e.k. afgangsstærð þegar fé var skipt og hún því mætt örlögum sínum vegna þess að skólanefnd, sem ákveður námsframboð, hafi litla þekkingu og enn

Norræn samvinna um rafræna reikninga

Að undanfögnu hafa fulltrúar frá öllum Norðurlöndum unnið að gerð sam-eiginlegs staðals fyrir rafræna reikninga. ICEPRO hefur tekið þátt í þessari vinnu fyrir hönd Íslands. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu í janúar síðastliðnum og í apríl var send tilkynning til allra hugbúnaðarhúsa á landinu. Stefnt er að því að kynna niðurstöður verkefnisins í haust.

Frumkvæði Dana

Segja má að Danir hafi átt frumkvæði í málinu en þeir löggleiddu rafræna reikninga hjá sér 1. febrúar 2005. Þar með þýddi ekki lengur að senda pappírsreikning til innheimtu hjá danska ríkinu - hann fékkst einfaldlega ekki greiddur. Vissulega eru til þjónustufyrirtæki sem taka að sér að skanna inn reikninga og senda þá sem viðhengi í venjulegum tölvupósti en það breytir ekki því að rafrænir reikningar eru sendir í langflestum tilvikum beint úr einni tölvu í aðra.

Hvað vinnst með þessu? Upphafsgögn varðveitast og ekki þarf að endurskrá þau og þar með fækkar skráningarvillum. Reikningavinnslan gengur hraðar og greiðslan berst fyrr en áður. Danir eru um 5 milljónir og um 15 milljón reikningsfærslur ríkisins, sem áður bárust bréfluga, berast nú rafrænt. Þetta telja þeir að hafi sparað þeim um 100 milljón evrur fram að þessu.

Góðri reynslu miðlað

Danir eru reynslunni ríkari og miðla nú hinum þjóðunum af reynslu sinni. Laga-setning þeirra gerði ráð fyrir fullstuttum aðlögunartíma bæði fyrir ríki og fyrirtæki og því þurfti að lengja frestinn til að taka upp rafræna reikninga. Auk þess tóku þeir upp óstaðlaðar skeytaútgáfur af gerðinni UBL 0,7 en ætla að bæta um betur og taka upp UBL 2,0 (UBL=Universal- Business Language). Það er unnið hratt og lokatillögur til UN/CEFACT eiga að liggja fyrir í október næstkomandi.

Norðurlönd og England

Aðrar Norðurlandþjóðir fylgjast áhugasamar með þessu framtaki Dana. Allir vilja spara og nú hafa Svíar ákveðið að taka upp rafræna reikninga frá og með 1. júlí 2009. Norðmenn hyggja á það sama og telja sig munu spara 5 milljarða NOK á ári, þ.e. í öllu þjóðarþúinu, bara með tilkomu rafrænna reikninga í XML. Finnar lyfta brúnum yfir þessu en bankar þeirra hafa þróað og notað FInvoice í nokkur ár. Jafnvel Engendingar fylgjast

áhugasamir með þrátt fyrir ólíkt laga-umhverfi.

Bjarne Emig er framkvæmdastjóri DANPRO og verkefnisstjóri DS, Dansk Standard. Hann kom hingað til lands í september 2005 á vegum Nordipro og systurfélaga ICEPRO og hélt erindi um framtak Dana og þátttöku Norðurlanda. Myndaður var samnorrænn vinnuhópur, kallaður "NES" (North European Subset), sem hittist mánaðarlega en heldur vikulega símafundi þess á milli.

Íslendingar rumska

ICEPRO stóð fyrir kynningu á XML grunneiningunum í nóvember 2005 og hófst handa um að kynna framtak Norðurlandanna. Í janúar 2006 hélt ICEPRO ráðstefnuna „XML dag rafrænna reikninga.“ Aðalræðumaður var fyrrnefndur Bjarne Emig, sem gaf gott yfirlit yfir framvinduna í samvinnu Norðurlanda og fjallaði auk þess um stöðluðu grunn-einingarnar frá UN/CEFACT.

Í framhaldi af ráðstefnunni var stofnaður vinnuhópur áhugasamra sem hittist á fundi í febrúar og kaus sér formann frá Fjársýslu ríkisins. Fljótlega fórum við að taka þátt í símafundum Norðurlandanna sem eru haldnir einu sinni í viku og síðan höfum við sótt fjóra vinnufundi með fulltrúum hópsins. Fimmti vinnufundurinn var haldinn í Reykjavík í lok ágúst.

Fyrst frændþjóðirnar á Norðurlöndum sammælast um einn sameiginlegan staðal fyrir rafræna reikninga hljótum við Íslendingar að fylgja með. Það sem meira er, með því að Íslendingar taki virkan þátt í þessu samstarfi getum við tryggt að íslenskum þörfum sé fullnægt í þessum rafrænu stöðlum. Áhrif okkar á þessa staðlastefnu hlýtur að vera í hlutfalli við þá vinnu sem við leggjum í hana. Til eru þau fyrirtæki hér sem hafa nokkurra ára reynslu af að flytja rafræna reikninga úr einu sniði í annað. Við hljótum að miðla af reynslu okkar og læra um leið af reynslu annarra þjóða.

Staðan nú

Þessari stuttu grein er aðeins ætlað að kynna framtak Norðurlandþjóðanna við að sniða sér sameiginlegan staðal í XML rafrænum reikningum. Íslendingar eru virkir þátttakendur í þessu átaki og skila sínu framlagi til verksins til þess að geta haft áhrif á framgang þess og tryggja að útkoman nýtist okkur.

Annars vegar þarf að tryggja að þarfir og kröfur Íslendinga rati inn í hinn sam-



norræna staðal. Þá verður gefin út handbók fyrir þá sem hyggjast taka upp staðalinn. Stefnt er að því að taka upp UBL 2,0 í rafrænum reikningum og pöntunum hér á landi og sigla þar með í kjölfar Dana. Gróf áætlun gerir ráð fyrir 200-250 milljóna króna sparnaði miðað við 600-800 þúsund reikninga sem Fjársýslunni berast árlega. Atvinnulífið má gera ráð fyrir 300 kr. sparnaði á hvern reikning og hverja pöntun sem berst. Það er eftir miklu að slæggjast en mikil vinna framundan - og það þarf að vinna hratt.

Örn Kaldalóns

Heimildir: sjá tenglasíðu á vef ICEPRO www.icepro.is

Umhverfishópur

Í umhverfishópi Samtaka atvinnulífsins koma saman fulltrúar ýmissa fyrirtækja innan vébanda SA en þeir eiga það sameiginlegt að hafa sett umhverfismál ofarlega á dagskrá. Hópurinn ræðir mál sem eru efst á baugi, fær gesti á fundina og hefur frumkvæði að verkefnum, kynningarfundum og ráðstefnum. Meðal þeirra mála, sem eru hópnun hugleikin, eru umhverfisstjórnun fyrirtækja, tilhögun heilbrigðiseftirlits, umhverfisvísar og loftslagsmál.

Hópurinn er opinn félagsmönnum og áhugasamir SI félagar eru hvattir til að nýta þetta tækifæri til að hafa áhrif á starf samtakanna. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Skúladóttir hjá SI.



Náttúruvernd

og nýting náttúruauðlinda

Hver er stefna stjórnvalda?
Er hægt að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun?

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hótel Nordica

Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til morgunfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda á Hótel Nordica fimmtudaginn 5. október nk. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:00 og stendur til 10:00.

Ræðumenn:

Jón Sigurðsson
iðnaðar- og viðskiptaráðherra



Andri Snær Magnason
rithöfundur



Illugi Gunnarsson
hagfræðingur



Pallborðsumræður ræðumanna
Stjórnandi: Svanhildur Hólm Valsdóttir



Fundarstjóri:
Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins

**Fundurinn er öllum opinn.
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að mæta.**

SI

Samtök iðnaðarins